

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis

101 Reykjavík

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. mars 2023

E-2023-075/00.11

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gjaldtöku vegna nýtingar á vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dagsett 3. mars 2023, um tillögu til þingsályktunar um gjaldtöku vegna nýtingar á vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu, 26. mál. Landsvirkjun hefur kynnt sér þingsályktunartillöguna og þakkar tækifærið til umsagnar.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að „[s]érstök lög verða sett um nýtingu vindorku með það að markmiði að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku. Áhersla verður lögð á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi. Mikilvægt er að breið sátt ríki um uppbyggingu slíkra vindorkuvera og tillit sé tekið til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru. Í því samhengi verður tekin afstaða til gjaldtöku fyrir slíka nýtingu.“

Í júlí 2022 skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra starfshóp sem vinnur nú að því skoða og gera tillögur til ráðuneytisins um hvernig framangreindum markmiðum verði náð. Í framhaldi af þeirri vinnu er starfshópnum síðan ætlað að vinna drög að lagafrumvarpi um efnið. Upphaflega var farið fram á að starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 1. febrúar 2023 en starfshópnum hefur verið veittur frestur.

Landsvirkjun fagnar allri umræðu um skilvirkt regluverk er varðar vindorku. Landsvirkjun telur mikilvægt að sem breiðust sátt ríki um uppbyggingu vindorku, að tekið sé tillit til ólíkra hagaðila og að fjárhagslegum ávinningi sé skipt með sanngjörnum hætti. Hvað varðar þingsályktunartillögu þá sem hér er til umræðu er fyrirtækið þó þeirrar skoðunar að best fari á því að gefa áður nefndum starfshóp rými til að skila af sér heildstæðri greiningu á viðfangsefninu áður en fyrirtækið tekur efnislega afstöðu til einstakra þátta sem lýst er í tillögunni.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir

Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen

Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni